

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1995.

1. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum sbr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1995 vegna lyfjaeftirlits, sbr. 2. gr. sömu laga sem hér segir:

Kr.	Kr.	Kr.
1. flokkur 290.000	7. flokkur 425.000	15. flokkur 210.000
2. flokkur 250.000	8. flokkur 304.000	16. flokkur 150.000
3. flokkur 210.000	9. flokkur 250.000	17. flokkur 90.000
4. flokkur 170.000	10. flokkur 200.000	18. flokkur 75.000
5. flokkur 130.000	11. flokkur 150.000	19. flokkur 50.000
6. flokkur 90.000	12. flokkur 100.000	20. flokkur 30.000
	13. flokkur 50.000	
	14. flokkur 30.000	

2. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, eftir lyfjaveltu og/eða umfangi eftirlitsskyldrar starfsemi, sbr. fylgiskjal 1.

3. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er fyrsti virki dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu reiknings og eindagi síðasti dagur þess mánaðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef eigi hefur verið greitt á eindaga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

Fylgiskjal 1

Flokkar lyfjaeftirlitsþega:

Flokkar 1 - 6 Apótek

Flokkar 7 - 14 Lyfjagerðir
Lyfjaheildsölur
Lyfjaumboðsfyrirtæki

Flokkar 15 - 20 Lyfjasölur lækna
Lyfjasölur sveitarfélaga
Lyfjasölur dýralækna
Sjúkrahús með apótek
Sjúkrahús, hjúkrunar- og dvalarheimili
Aðrir lyfjaeftirlitsþegar